

Öldungadeild í Hveragerði

ÖLDUNGADEILD tók til starfa í Hveragerði í janúar sl. og starfar í nánum tengslum við Menntaskólann í Hamrahlíð.

Fyrstu önnina í skólanum voru 83 nemendur við nám, frá Hveragerði og nágrennanabygðum. Öldungadeildin nýtur ekki sérstakra ríkisstyrkja og fjármögnuðu Hveragerðis-, Ólfus- og Gnúpverjahreppur skólalæddir síðastliðinn vetur.

Nemendur í Öldungadeild Hveragerðis leystu af hendi sömu próf og nemendur Hamrahlíðarskólans og samtímis sl. vor.

Urlausnir voru síðan metnar af kennurum Hamrahlíðarskólans. Flestir þeirra 62, sem þá þreyttu próf, ætla að halda áfram sínu námi í Öldungadeild Hveragerðis. Öldungadeildarmenn hyggjast bjóða upp á námsefni 1. og 2.

námsannar við M.H. á komandi haustönn, en fjölbreytni í námsfögum ræðst af aðsókn.

Öldungadeildin efnir til kynningarfundar í Gagnfræðaskóla Hveragerðis laugardaginn 30. ágúst kl. 13.30, og verður þar sagt af námsefni, kennslufyrirkomulagi og prófum í skólanum veturinn 1980-81.

Frá malbikunarframkvæmdum á Ísafirði

Miklar malbikunarframkvæmdir standa nú yfir á Ísafirði og er stærsta verkið malbikun vegarins milli Ísafjarðar og Hnífsdals og vegarins inn í fjörð, frá Eyrinni inn að Holtahverfinu. Fimm ár eru nú liðin frá því síðast var unnið að malbikunarframkvæmdum á Ísafirði og nú þegar þessar framkvæmdir standa yfir, er tækifærið notað og malbikað á Ísafjarðarflugvelli, bæði flugvélastæði og bílastæðin við flugvallarbygginguna. Þá verður einnig malbikað nokkuð á Bolungarvík og í Súðavík. Standa þessar framkvæmdir yfir fram á haustið eins og veður leyfa og halda síðan áfram næsta vor.



Malbikunarstöðin við Skutulsfjörð og fyrir neðan hana má sjá nýja veginn sem liggur inn fjörðinn og til vinstri á myndinni er húsnæði Orkubús Vestfjarða. Ljósm. jt.



Vegaframkvæmdir við Hafnarstræti skammt neðan nýju sjúkrahússbyggingarinnar, þar sem Hnífsdalsvegurinn fer gegnum Ísafjörð og heldur áfram inn fjörðinn.



Á flugvellingnum á að malbika bæði bílastæði og flugvélastæði.



Marteinn H. Friðriksson.

TÓNLIST

Síðustu sumartónleikarnir í Dómkirkjunni

Á sunnudagskvöld kl. 18.00 leikur Marteinn H. Friðriksson á orgel Dómkirkjunnar. Á efnisskrá er m.a. Chaconne eftir Pál Ísólffson. Þetta eru síðustu tónleikarnir í Dómkirkjunni á þessu sumri.

MYNDLIST Á

HALLVEIGARSTÖÐUM

Árni Finn- bogason sýnir teikningar


UM ÞESSAR mundir sýnir Árni Finn-
bogason teiknimyndir á Hall-
veigarstöðum við Túngötu. Mynd-
irnar eru flestar frá Vestmanna-
eyjum, en nokkrar frá Færeyjum
og Grænlandi. Þá eru á sýningu
mannamyndir og andlits-
myndir.

Árni hefur þrisvar áður sýnt á
Hallveigarstöðum. Sýningin er
opin daglega frá kl. 14-22 og
lýkur 3. september.

FÍM-SALURINN

Kjartan sýnir 18 olíumálverk

UM ÞESSAR mundir stendur yfir
í FÍM-salnum við Laugarnesveg
myndlistarsýning Kjartans
Ólafssonar. Nefnist hún Hannyrð-
ir og stendur út næstu viku. Á
sýningunni, sem er opin frá kl.
16-22 daglega, eru 18 olíumál-
verk.



Eitt verkanna á sýningunni.

BJÖRN BIRNIR Á KJARVALSSTÖÐUM

Sýnir teikningar, kol- og akrílmyndir

Í GÆR OPNAÐI Björn Birnir sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Þar
sýnir hann tæplega 60 verk, teikningar, kol- og akrílmyndir. Björn hefur
áður haldið einkasýningar í Norræna húsinu 1977, Chicago I.V. 1979,
Devenport Iowa 1979, auk þess sem hann hefur sýnt víðs vegar í Kanada.

Björn Birnir stundaði nám í Handíða- og myndlistaskólanum 1949-'52.
Lauk prófi í skreytilist og skiltagerð frá Bergholtz Dekorations
Fagskole 1955 og prófi í fjarvíddar-, flatar- og rúmteikun við Indendørs
Arkitekt Akademie. Árið 1979 lauk hann svo MS-prófi við Indiana State
University.

Sýningin stendur til 10. september og er opin frá kl. 14-22 alla dagana.

Síðasta sýning- arhelgi Nínu

SÝNINGU Nínu Gautadóttur
á veggskúlptúrverkum, sem
staðið hefur undanfarnar
vikur á göngum Kjarvals-
staða, lýkur nú um helgina
eða kl. 22.00 annað kvöld.

Á sýningunni eru 14
veggskúlptúrverk, sem gerð
eru á árunum 1974-'80. Nína
lærði í Listaháskólanum í
París, þar sem hún er búsett
nú.



Nína Gautadóttir.